

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. gr. laga um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, nr. 95, 20. desember 1963, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. ágúst 1964.*

F. h. r.  
**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 191.

17. ágúst.

## AUGLÝSING

um sendiferðabifreiðir skv. tollskrárnúmeri 87.02.36 og athugasemd 4. við 87. kafla tollskrárinnar í lögum nr. 7 frá 29. apríl 1964.

### 1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36, að hún sé gerð til flutnings á varningi, yfirbyggð og fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm ekki styttra en 1.4 metri og í því engin sæti, hvorki föst né laus, eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa í sætum eða þess háttar til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar eða rúður á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra.

Bifreiðin skal samkvæmt ákvæðum 4. aths. við 87. kafla tollskrárinnar auðkennd með sérstökum merkjum, bókstafnum S, rauðum á hvítum grunni, og skulu merkin fest á bifreiðina hjá skrásetningarnúmerum hennar, og er óheimilt að fjarlægja þau af bifreiðinni meðan kvöð þessi helzt.

Í skoðunarvottorði bifreiðarinnar skal þess getið, að hún sé tollafgreidd sem sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36.

### 2. gr.

Sendiferðabifreið telst því aðeins til nr. 87.02.36, að eigandi hennar gefi við tollafgreiðslu skriflega yfirlýsingu um eftirtalin atriði:

- a. Að bifreiðinni skuli ekki breytt svo, að hún hefði fallið undir hærri tollflokk, ef hún hefði verið þannig innflutt.
- b. Að sé brotið í bága við þetta, skuli þegar greiddur af bifreiðinni mismunur þeirra aðflutningsgjalda, sem af henni voru greidd við innflutning, og þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða hefði átt af henni, ef framangreind yfirlýsing hefði ekki verið gefin, þó að frádreginni 20% fyrningu fyrir hvert ár frá tollafgreiðsludegi.

Bifreiðin skal vera að lögveði fyrir greiðslu þeirri, er um ræðir í b-lið hér að framan, og má tollyfirvald láta taka bifreiðina úr umferð og selja hana samkvæmt ákvæðum 28. gr. laga nr. 68/1956, ef greiðslan er ekki innt af hendi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. ágúst 1964.*

F. h. r.  
**Sigtr. Klemenzson.**

*Björn Hermannsson.*